



Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

SA

Rvk. 19.11.2003

**Þingsályktunartillaga um sérstakan skattaafslátt vegna barna, 23. mál**

Í tillögunni felst að tekinn verði upp sérstakur ótekjutengdur skattaafsláttur handa foreldrum eða forráðamönnum sem hafa börn á framfæri sínu. Afslátturinn nemi tiltekinni upphæð fyrir hvert barn til 16 ára aldurs. Hafi foreldrar ekki svo háar tekjur að afslátturinn nýtist skal ónýttur afsláttur greiddur út við álagningu skatts ár hvert.

Samtök atvinnulífsins eru því almennt fylgjandi að tekjuskattkerfið sé einfalt, gegnsætt og undanþágur séu sem fæstar og minnstar. Þannig verða skatthluföll lægri en ella sem dregur úr skaðlegum áhrifum tekjuskatta á vinnuframboð og tilhneigingu til undanskota. Þessi tillaga gengur þvert á þau sjónarmið þar sem hún er í eðli sínu tillaga um rýrnun tekjuskattstofns sem kallar á hækkun tekjuskatthlutfallsins ef ríkissjóður á að halda tekjum sínum óbreyttum.

Þá er rétt að vekja athygli á því að ekki er rétt að kalla þessa hugmynd ótekjutengdan skattaafslátt þar sem í henni felst að afsláttur þessi breytist í bótagreiðslur við tiltekin tekjumörk og fari þær stighækkandi eftir því sem tekjur eru lægri. Með þessu yrðu búin til ný og óæskileg jaðaráhrif.

Samtök atvinnulífsins mæla því gegn samþykkt umræddrar þingsályktunartillögu .

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri